



# PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

## Ákvörðun nr. 7/2011 Endurákvörðun rekstrargjalds Símans vegna rekstrarársins 2009

### I.

#### *Inngangur*

Í máli þessu er rekstrargjald Símans hf. fyrir rekstrarárið 2009, sem fram fór þann 14. maí 2010, ákvarðað að nýju með stoð í 10. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun. Í tengslum við ofangreinda álagningu rekstrargjalds taldi Síminn ekki fram tekjur félagsins af meintri fjarskiptastarfsemi utan Íslands þar sem ágreiningur væri á milli félagsins og Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) um hvort slíkar tekjur heyrðu undir rekstrargjaldsstofn samkvæmt 4. mgr. 14. gr. ofangreindra laga. Um er að ræða tekjur Símans af reikiþjónustu erlendis og umferð til Íslands, On-Waves þjónustu og SMS heildsölu.

Með ákvörðun PFS nr. 28/2010 frá 7. október 2010 komst PFS að þeirri niðurstöðu að umræddar tekjur heyrðu undir stofn til rekstrargjalds. Síminn kærði þá niðurstöðu til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála. Með úrskurði úrskurðarnefndar nr. 7/2010 frá 2. febrúar 2011 staðfesti nefndin ofangreinda ákvörðun PFS. Með ákvörðun þessari ákvarðar PFS því rekstrargjald Símans að nýju fyrir rekstrarárið 2009 með tilliti til ofangreindra tekna.

### II.

#### *Málsatvik*

#### **2.1 Krafa Símans um endurgreiðslu ofgreidds rekstrargjalds**

Með bréfi Símans til PFS, dags. 27. nóvember 2009, krafðist Síminn þess að stofnunin endurgreiddi félaginu meint ofgreitt rekstrargjald vegna rekstraráranna 2002-2008 af tekjum sem félagið taldi ekki tilheyra veltu af fjarskiptastarfsemi hér á landi. Um var að ræða tekjur af reikiþjónustu erlendis og umferð til Íslands, On-Waves þjónustu og SMS heildsölu.

## **2.2 Tölvupóstur Símans til PFS, dags. 26. og 30. apríl 2010**

Í tölvupósti Símans til PFS, dags. 26. apríl 2010, tók félagið fram að það myndi skila rekstrargjaldsstofni vegna rekstrarársins 2009 eins og félagið teldi rétt, þ.e. án veltu sem rætur ætti að rekja til fjarskiptastarfsemi utan Íslands.

Síminn skilaði PFS upplýsingum um gjaldskylda veltu til rekstrargjalds vegna rekstrarársins 2009 með tölvupósti, dags. 30. apríl 2010. Sérstaklega var tekið fram að erlendar tekjur farsímans væru flokkaðar utan stofns. Samkvæmt framtali Símans nam stofn til rekstrargjalds kr. [...] <sup>1</sup> en erlendar tekjur farsíma að fjárhæð kr. [...] voru taldar utan stofns.

## **2.3 Álagning rekstrargjalds á Símann vegna rekstrarársins 2009 þann 14. maí 2010**

Þann 14. maí 2010 lagði PFS rekstrargjald á Símann vegna rekstrarársins 2009 í samræmi við ofangreint framtal félagsins. Stofn til útreiknings rekstrargjalds nam því kr. [...] og álagt rekstrargjald kr. [...].

## **2.4 Ákvörðun PFS nr. 28/2010 og úrskurður úrskurðarnefndar nr. 7/2010**

Með ákvörðun PFS nr. 28/2010 frá 7. október 2010 var kröfu Símans um endurgreiðslu meints ofgreidds rekstrargjalds vegna tekna af reikiþjónustu erlendis og umferð til Íslands, On-Waves þjónustu og SMS heildsölu, að fjárhæð kr. [...] vegna rekstraráranna 2002-2008 hafnað. Með úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 7/2010 frá 2. febrúar 2011 var ofangreind ákvörðun PFS staðfest.

## **2.5 Bréf PFS til Símans, dags. 16. febrúar 2011**

Með bréfi PFS til Símans, dags. 16. febrúar 2011, vísaði stofnunin til ofangreindra úrlausna PFS og úrskurðarnefndar og tilkynnti félaginu að stofnunin hefði í hyggju að ákvarða álagningu rekstrargjalds á félagið að nýju vegna umræddra tekna fyrir rekstrarárið 2009. Þess var óskað að Síminn afhenti stofnuninni sundurliðað yfirlit yfir umræddar tekjur á árinu 2009.

## **2.6 Tölvupóstur Símans til PFS, dags. 14. mars 2011**

Með tölvupósti Símans til PFS, dags. 14. mars 2011, barst svar félagsins við framangreindri fyrirspurn. Þar kom fram að sú [...] kr. velta vegna „erlendra tekna farsíma“ sem félagið hefði haldið utan við stofn til rekstrargjalds við álagningu rekstrargjalds á árinu 2010 sundurliðaðist með eftirfarandi hætti:

- GSM reiki [...]
- On-Waves [...]
- SMS heildsala [...]
- Gemalto SIM test [...]
- Orange MPLS [...]

---

<sup>1</sup> Fellt brott vegna trúnaðar. Það sama á við um aðra hornklofa í framhaldinu.

## **2.7 Tölvupóstur PFS til Símans, dags. 16. mars 2011**

Í tölvupósti PFS til Símans, dags. 16. mars 2011, óskaði stofnunin eftir upplýsingum um þjónustuflokkana „Gemalto SIM test“ og „Orange MPLS“ þar sem ekki hefði reynt á þá í framangreindum úrslausnum PFS og úrskurðarnefndar. Teldi Síminn að umræddir þjónustuflokkar myndu ekki stofn til rekstrargjalds væri óskað eftir rökstuðningi þar að lútandi.

## **2.8 Tölvupóstur Símans til PFS, dags. 23. mars 2011**

Í tölvupósti Símans til PFS, dags. 23. mars 2011, kom fram að „Gemalto SIM test“ væri hefðbundin reikiþjónusta. Miðað við afstöðu PFS og úrskurð úrskurðarnefndar félli þjónustan innan stofns til rekstrargjalds.

„Orange MPLS“ væri endursala á þjónustu frá Orange Business Services. Um væri að ræða IP Virtual Private Network (IPvpn) eða leigulínnur. Þjónustan væri veitt í Evrópu, Asíu og Bandaríkjunum og nýtti hún ekki kerfi Símans heldur væri um endursölu að ræða. Síminn teldi að umrædd þjónusta ætti að falla utan stofns til rekstrargjalds.

### **III.**

#### *Forsendur ákvörðunar*

Eins og fram kemur í málavaxtalýsingu hér að ofan hafa PFS og úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála skorið úr um að tekjur þær sem Síminn hélt fram að stöfuðu af fjarskiptastarfsemi erlendis, og félagið hélt utan rekstrargjaldsstofns við álagningu rekstrargjalds þann 14. maí 2010, myndi stofn til rekstrargjalds. Á þetta við um reikiþjónustu erlendis og umferð til Íslands, On-Waves og SMS heildsölu. Tekjur þessar námu kr. [...] rekstrarárið 2009. Síminn hefur gefið þær skýringar að tekjuflokkurinn „Gemalto SIM test“ sé hefðbundin reikiþjónusta. Því ber að bæta tekjum vegna þess flokks, kr. [...], við gjaldskyldan rekstrargjaldsstofn félagsins fyrir umrætt ár. Vanframtalinn rekstrargjaldsstofn félagsins vegna umrædds árs nemur því kr. [...].

Að teknu tilliti til skýringa Símans fellst PFS hins vegar á að tekjuflokkurinn „Orange MPLS“ að fjárhæð kr. [...] myndi ekki stofn til rekstrargjalds þar sem um er að ræða endursölu á leigulínuþjónustu erlendis þar sem fjarskiptanet Símans hér á landi virðast hvergi koma við sögu.

Með vísan til ofangreindra forsendna og með stoð í 10. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 ákvarðar PFS rekstrargjald á Símann að nýju þar sem álagningarstofn sá sem lagðar var til grundvallar álagningar rekstrargjalds á félagið þann 14. maí 2010 reyndist ekki réttur. Stofn til rekstrargjalds Símans vegna rekstrarársins 2009 ákvarðast því kr. [...] í stað kr. [...] eins og Síminn taldi fram til rekstrargjalds þann 30. apríl 2010. Hækkar stofninn því um kr. [...].

Rekstrargjald Símans fyrir rekstrarárið 2009 ákvarðast því kr. [...] í stað kr. [...] eins og það var ákvarðað við álagningu rekstrargjalds þann 14. maí 2010. Mismunurinn, kr. [...], gjaldfellur við dagsetningu ákvörðunar þessarar og er eindagi mánuði síðar, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

### *Ákvörðunarorð*

**Gjaldstofn Símans hf. til rekstrargjalds fyrir rekstrarárið 2009 ákvarðast kr. [...] og rekstrargjald félagsins fyrir umrætt ár ákvarðast kr. [...]. Þar sem félagið hafði áður greitt kr. [...] í samræmi við álagningu þá sem fram fór 14. maí 2010 ber félaginu að greiða Póst- og fjarskiptastofnun mismuninn, eða kr. [...].**

**Samkvæmt 7. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 er lögákveðnir gjalddagar vegna álagningar rekstrargjalds á árinu 2009 liðnir. Gjalddagi ógreidds rekstrargjalds miðast því við dagsetningu ákvörðunar þessarar og er eindagi mánuði síðar. Dráttarvextir reiknast frá og með eindaga, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.**

**Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.**

Reykjavík, 30. mars 2010

---

Hrafnkell V. Gíslason

---

Óskar H. Ragnarsson